

## **Fundur í skólanefnd 2. febrúar 2017**

Mættir: Ágústa Elín, Dröfn, Reynir, Telma, Gyða, Helena og Hjördís.

### **Dagskrá fundarins:**

Upphaf vorannar 2017

Stefna FVA til næstu þriggja ára

Önnur mál

### **Upphaf vorannar 2017:**

Ágústa sagði frá breyttum reglum varðandi stefnumótun og rekstraráætlanir framhaldsskóla. Ágústa sagði frá skólahaldi síðustu annar, m.a. frá litlu brottfalli miðað við aðra skóla. Hún sagði frá Skólaláttunum og helstu niðurstöðum sem fram komu í honum. Farið var yfir breytingar á starfsliði skólans um áramót. Hafdís Fjóra Ásgeirsdóttir, Harpa Hreinsdóttir, Þuríður Björg Þorgrímsdóttir og Tómas Alexander Árnason létu af störfum um áramót. Bjarnfríður Sveinbjörnsdóttir og Sævar Berg Sigurðsson komu til starfa um áramót. Birna Björk Sigurgeirsdóttir var ráðin á skrifstofu skólans.

Stefnt er að þjóðfundi nú á vorönninni þar sem ræða á gildi fyrir skólann. Rætt um að efla þyrfti starfsmannafélagið.

### **Stefna FVA til næstu þriggja ára:**

Ágústa fór yfir þriggja ára stefnu skólans. Umræður urðu m.a. um þróun listnámsbrautar, umhverfisstefnu skólans, rekstur heimavistar.

### **Önnur mál:**

Thelma spurði um hugmynd að samráði skólanefnda á landsvísu. Rætt um lóð skólans. Rætt um stofnun hollvínahóps í tilefni 40 ára afmælis skólans. Ágústa sagði frá þátttöku FVA í kynningu framhaldsskóla í Laugardalshöllinni í mars. Ágústa sagði frá flutningi á Fab-Lab úr húsnæði FVA. Rætt um nýtingu á efri hæð í málmiðnaðardeild. Reynir ræddi um eftirfylgniúttekt sem gerð var í skólanum og var almenn umræða um hana.

Dröfn Viðarsdóttir ritaði fundargerð